

BORGARRÁÐ 20. maí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi innkaup á skólavörum - R21050228

Ólíkt flestum öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu kaupir Reykjavíkurborg ekki skólavörur af Múlalundi, verndaðri vinnustofu SÍBS. Það er þrátt fyrir þá staðreynd að um 80% starfsmanna Múlalundar eru með lögheimili í Reykjavík. Í þrjú ár hefur Múlalundur reynt að ná borginni að samningaborðinu án árangurs. Þetta kemur fram í fréttum vikunnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hverju þetta sætir? Þetta er ekki í neinum takti við áhuga flokkanna á atvinnumálum fatlaðra. Í lögum um opinber innkaup er skýr heimild í 18. gr. til að velja sérstaklega vörur frá vernduðum vinnustöðum. Í Múlalundi hefur fólk með skerta starfsorku starfað við að framleiða ýmis konar skrifstofuvörur um áratuga skeið. Vegna stafrænna umbreytinga hafa forsvarsmenn Múlalundar þurft að finna ný verkefni og eitt af þeim er að framleiða margskonar vörur fyrir skólakerfið, meðal annars plastvasa og möppur með lituðum kili og glærri forsiðu sem margir þekkja. Í stað þess að skipta við Múlalund hefur Reykjavíkurborg kosið að kaupa innfluttar skólavörur. Þetta er miður. Önnur sveitarfélög hafa sýnt allt önnur viðbrögð. Þessi starfsemi er fyrst og fremst velferðarmál enda er starfið afar félagslega- og tilfinningalega mikilvægt. Verið er að skapa atvinnu svo þarna má slá tvær flugur í einu höggi.